

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Breiðdalshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps er heimilt að leggja á sorphirðugjöld skv. 7. og 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi, nr. 127/2004 og samkvæmt 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2. gr.

Árlegt sorphirðu- og förgunargjald vegna heimilisúrgangs frá íbúðum og fyrirtækjum skv. 4. og 5. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi er sem hér segir:

Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbyli eða íbúðarhús utan þéttbýlis, enda sé einn eða fleiri einstaklingar skráðir þar til lögheimilis, sorphirðugjald kr. 6.000 og sorpförgunargjald kr. 3.500.

3. gr.

Á hvert fyrirtæki, sorpförgunargjald kr. 1.000 pr./m³.

4. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og förgun samkvæmt 2. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum. Gjald samkvæmt 3. gr. er innheimt af sveitarfélaginu

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps 29. janúar 2004 og staðfest af Heilbrigðiseftirliti Austurlands 30. janúar 2004, er sett samkvæmt 11. gr. laga nr. 55/2003 og sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og heimild í 7. og 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi nr. 127/2004, til að öðlast gildi við birtingu.

Breiðdalshreppi, 9. febrúar 2004.

Sigfríður Þorsteinsdóttir sveitarstjóri.